

# Stjórnartíðindi

## 2003 - B-deild - B75-78

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

### Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

### Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

### Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval ([svavar@kjarrval.is](mailto:svavar@kjarrval.is))

# ***Stjórnartíðindi***

***B 75-78***

***Nr. 480-487***

**2003**

## Efnisyfirlit B 75–78 2003

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsföldatal
480	27. júní	Reglugerð um loðnuveiðar grænleuskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands og íslenskra skipa í fiskveiðilandhelgi Grænlands á tímabilinu 27. júní til 10. júlí 2003 .....	1537-1540
481	26. júní	Auglýsing um heildarþyngd og áspunga ökutækja á þjóðvegum .....	1541-1543
482	27. júní	Reglur um flokkun mjólkur og verðfellingar vegna líftölu ...	1543-1544
483	1. júlí	Reglugerð um stjórn veiða íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum árið 2003 .....	1545-1546
484	2. júlí	Reglugerð um skilyrði á sviði dýraheilbrigðis vegna inn- og útflutnings eldisdýra og afurða þeirra .....	1547-1562
485	2. júlí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 238, 4. apríl 2003, um eldi nytjastofna sjávar .....	1563
486	2. júlí	Reglugerð um stjórn hreindýraveiða .....	1563-1567
487	2. júlí	Reglugerð um skiptingu arðs af hreindýraveiðum .....	1567-1568

# STJÓRNARTÍÐINDI B 75 – 2003

27. júní 2003

1537

Nr. 480

## REGLUGERÐ

**um loðnuveiðar grænleuskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands og íslenskra skipa í fiskveiðilandhelgi Grænlands á tímabilinu 27. júní til 10. júlí 2003.**

### 1. gr.

Reglugerð þessi tekur til loðnuveiða grænleuskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands og íslenskra skipa í fiskveiðilandhelgi Grænlands á tímabilinu 27. júní 2003 til 10. júlí 2003.

### 2. gr.

Aðeins þeim grænleusku skipum sem fengið hafa sérstakt leyfi frá Fiskistofu er heimilt að stunda loðnuveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Um borð í grænleuskum veiðiskipum skal vera leyfi til loðnuveiða eða afrit af því og reglur sem um loðnuveiðar gilda.

Grænleusk skip sem óska eftir leyfi til loðnuveiða skulu sækja um það til Fiskistofu. Í umsókninni komi fram upplýsingar um nafn skips, skráningarnúmer, kallmerki, stærð í brúttótonnum, burðargetu og upplýsingar um fjarskiptatæki. Um veiðar íslenskra skipa innan fiskveiðilandhelgi Grænlands gilda áfram þær reglur sem grænleusk stjórnvöld hafa sett þar að lútandi.

### 3. gr.

Grænleuskum skipum er heimilt að veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands það magn sem þeim er úthlutað af grænleuskum stjórnvöldum til 10. júlí 2003. Íslenskum skipum er heimilt að veiða í fiskveiðilandhelgi Grænlands það magn sem þeim er úthlutað af íslenskum stjórnvöldum til 10. júlí 2003.

### 4. gr.

Grænleuskum skipum er heimilt að landa afla sínum í íslenskum höfnum og gilda um vigtun afla sömu reglur og gilda fyrir íslensk skip.

### 5. gr.

Skip sem loðnuveiðar stunda sbr. 2. gr. skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu og Fiskistofu.

## 6. gr.

Tilkynna skal Landhelgisgæslunni siglingu skipsins inn í íslenska lögsögu og komutíma í athugunarstöð með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara.

Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „komutilkynning“ (entry report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, í tonnum.

Haldi skip til veiða úr íslenskri höfn skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er í 1. mgr.

## 7. gr.

Skip sem stundar veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands skal á hverjum degi á tímabilinu frá kl. 00.00 til 08.00 að íslenskum tíma, senda Landhelgisgæslunni tilkynningu þar sem eftirfarandi kemur fram í þessari röð:

Orðið „aflatilkynning“ (catch report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, í tonnum.

Aflí síðasta sólarhrings, miðað við kl. 24.00, eða aflí frá því skipið kom inn í fiskveiðilandhelgi Íslands sé um skemmri tíma að ræða.

## 8. gr.

Þegar skip lýkur veiðum í fiskveiðilandhelgi Íslands skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „lokatilkynning“ (exit report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, í tonnum.

Aflí síðan síðasta aflatilkynning var send.

## 9. gr.

Áður en skip heldur út úr fiskveiðilandhelgi Íslands skal senda Landhelgisgæslunni tilkynningu um það og komutíma í athugunarstöð með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „athugunartilkynning“ (control report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, í tonnum.

Landi skip afla sínum í íslenskri höfn skal tilkynna það Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er frá í 1. mgr.

Landi skip afla sínum í íslenskri höfn skal tilkynna það Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er frá í 1. mgr. og greint frá löndunarhöfn.

## 10. gr.

Grænenskum skipum skal heimil óslitin sigling um fiskveiðilandhelgina, enda tilkynni þau til Landhelgisgæslunnar um komu sína í fiskveiðilandhelgina, eða brottför úr íslenskri höfn, með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „In“.

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Heildarafla um borð, í tonnum.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar sigling út úr lögsögunni er áætluð.

Á 12 klukkustunda fresti skal síðan senda tilkynningu um staðsetningu skipsins til Landhelgisgæslunnar. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „Staðsetningartilkynning“ (position report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími, stefna, hraði og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Þegar skip siglir út úr íslenskri fiskveiðilandhelgi skal það tilkynnt til Landhelgisgæslunnar. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „Out“.

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar skip siglir út úr lögsögunni.

## 11. gr.

Skipstjórum grænenskra loðnuskipa ber að auðvelda eins og unnt er eftirlit Landhelgisgæslu og Fiskistofu með veiðum, veiðarfærum og afla um borð í veiðiskipum. Telji eftirlitsaðilar að fullnægjandi eftirlit geti ekki farið fram á sjó er hlutaðeigandi skipstjórum skylt að hlíta fyrirætlum um að halda til nálægrar hafnar þar sem athugun getur farið fram.

Fiskistofu er heimilt að setja eftirlitsmenn um borð í grænensk loðnuveiðiskip. Skal útgerð skipsins sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru um borð við eftirlit og ennfremur greiða allan kostað af veru þeirra um borð í skipinu.

Í afladagbók, sem skal vera innbundin, með númeruðum síðum og í tvíriti, skal skipstjóri skrá eftirfarandi upplýsingar: Nafn skips, skráningarnúmer og kallmerki. Fyrir hvert kast skal skrá staðsetningu, dagsetningu og tíma þegar nótinni er kastað og afla í hverju kasti í tonnum, áður en nótinni er kastað á ný. Einnig skal skrá heildarafla á sólarhring í fiskveiðilandhelgi Íslands, stærð nótar og möskvastærð. Þá skal skipstjóri undirrita hverja síðu. Jafnframt skal Hafrannsóknastofnuninni sent afrit úr afladagbókum, sé þess óskað.

Starfsmenn Landhelgisgæslunnar og veiðieftirlits Fiskistofu skulu hafa aðgang að eftirtöldum gögnum sé þess óskað:

Afladagbók

Skipsdagbók

Mælibréfi

Teikningum af skipi

Veiðileyfi frá Fiskistofu eða afrit af því.

Upplýsingum úr siglingatölvum og staðsetningartækjum skips.

Öðrum gögnum sem skipt geta máli við rannsókn meintra fiskveiðabrota.

Um borð í hverju skipi skulu vera teikningar af lestum þess þar sem fram kemur heildarrúmmál hverrar lestar. Þá skulu teikningar eða gögn sýna hvert rúmmál lestanta er miðað við 10 sentímetra millibil frá ákvæðnum og merktum viðmiðunarstað.

12. gr.

Óheimilt er að stunda veiðar með öðrum veiðarfærum en nót.

13. gr.

Skipum ber að fylgja banni ráðuneytisins við veiðum vegna verndunarsjónarmiða og skyndilokunum Hafrannsóknastofnunarinnar, sbr. 8.-11. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

14. gr.

Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæðum 8.-10. gr. hafi aðilar gert samkomulag þar um.

15. gr.

Tilkynningar skv. 6.-10. gr. skal senda á íslensku eða ensku, og skulu tímasetningar vera miðaðar við íslenskan tíma, UTC.

Skip sem hafa veiðileyfi skv. reglugerð þessari skulu að öðru leyti eftir því sem við á fylgja ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

16. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Jafnframt getur Fiskistofa svipt skip leyfi til loðnuveiða innan fiskveiðilandhelginnar brjóti útgerð eða áhöfn skips eða aðrir sem í þágu útgerðar starfa, gegn reglugerð þessari.

17. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. júní 2003.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Þórir Skarphéðinsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI B 76 – 2003

26. júní 2003

1541

Nr. 481

## AUGLÝSING

### um heildarþyngd og áspunga ökutækja á þjóðvegum.

Með tilvísun til 12. gr. reglugerðar um stærð og þyngd ökutækja, nr. 528 frá 4. september 1998, hefur Vegagerðin ákveðið mestu leyfilega heildarþyngd og leyfðan áspunga ökutækja á þjóðvegum sem hér segir:

A. Eftirtaldir þjóðvegir falla undir viðauka 1:

Vegur nr.	Heiti	Kaffi
1	Hringvegur	Reykjavík – Arnarvatn í Mývatnssveit Reykjavík – Reykjahlíð í Mývatnssveit
25	Pykkvabæjarvegur	
26	Landvegur	
264	Rangárvallavegur	Hringvegur við Hellu – Gunnarsholt
26	Sprengisandsleið	Þjórsárdalsvegur – Vatnsfellsvirkjun
30	Skeiðavegur	Hringvegur – Flúðir
32	Þjórsárdalsvegur	
34	Eyrarbyggðavegur	
35	Biskupstungnabraut	Hringvegur – Reykholt
36	Pingvallavegur	Hringvegur – Helgafellsmelar (náma)
37	Laugarvatnsvegur	Biskupstungnabraut hjá Svínavatni – Laugarvatn
38	Þorlákshafnarvegur	Ásamt ferjuleið til Vestmannaeyja
39	Prengslavegur	
305	Villingaholtsvegur	Hringvegur – Hróarsholtsnáma
40	Hafnarfjarðarvegur	
41	Reykjanesbraut	
42	Krýsuvíkurvegur	Reykjanesbraut – Vatnsskarð (náma)
43	Grindavíkurvegur	
44	Hafnavegur	
45	Garðskagavegur	
46	Víknavegur	
47	Hvalfjarðarvegur	
49	Nesbraut	
410	Elliðavatnsvegur	Breiðholtsbraut – Vífilsstaðavegur
411	Arnarnesvegur	
413	Breiðholtsbraut	
415	Álftanesvegur	
416	Bessastaðavegur	

Vegur nr.	Heiti	Kaflí
421	Vogavegur	
423	Miðnesheiðarvegur	
424	Keflavíkurvegur	
425	Nesvegur	
429	Sandgerðisvegur	
431	Hafravatnsvegur	Innan þéttbýlismarka Mosfellsbæjar
51	Akrafjallsvegur	
50	Borgarfjarðarbraut	Hringvegur á Seleyri – Grjóteyri (náma)
54	Snæfellsnesvegur	Hringvegur – Vegamót Stykkishólmsvegur – Útnesvegur við Fróðá
56	Vatnaleið	
58	Stykkishólmsvegur	Ásamt ferju til Brjánslækjar
574	Útnesvegur	Snæfellsnesvegur við Fróðá – Móðulækur (náma)
575	Flugvallarvegur	
576	Framsveitarvegur	Snæfellsnesvegur – Spjör (náma)
59	Laxárdalsvegur	
506	Grundartangavegur	
509	Akranesvegur	
60	Vestfjarðavegur	
61	Djúpvegur	
62	Barðastrandarvegur	Vestfjarðavegur – Patreksfjörður
63	Bíldudalsvegur	Patreksfjörður – Ketildalavegur
64	Flateyrarvegur	
65	Súgandafjarðarvegur	
606	Karlseyjarvegur	
607	Reykhólasveitarvegur	Vestfjarðavegur – Karlseyjarvegur
612	Örlygshafnarvegur	Barðastrandarvegur – Gjögrar
616	Flugvallarvegur í Patreksfirði	
617	Tálknafjarðarvegur	Bíldudalsvegur – Stórilaugardalur
619	Ketildalavegur	Bíldudalsvegur – Bíldudalur
625	Valþjófsdalsvegur	
627	Önundarfjarðarvegur	
631	Flugvallarvegur Ísafirði	
633	Vatnsfjarðarvegur	
640	Borðeyrarvegur	
643	Strandavegur	Djúpvegur – Drangsnæsvegur við Hálsgötugil
645	Drangsnæsvegur	Strandavegur – Drangsnæs um Selströnd
72	Hvammstangavegur	
74	Skagastrandarvegur	
75	Sauðárkróksbraut	
76	Siglufjarðarvegur	
77	Hofsósbraut	
704	Miðfjarðarvegur	Hringvegur – Urriðá (náma)
711	Vatnsnesvegur	Hvammstangi – Kárastaðir (náma)
715	Víðidalsvegur	Hringvegur – Víðidalstungunáma
722	Vatnsdalsvegur	Hringvegur – Bjarnastaðanáma
731	Svínvetningabraut	Hringvegur – Finnstunga (náma)
731	Svínvetningabraut	Hringvegur – Kleifar (náma)
734	Svartárdalsvegur	Hringvegur – Fjós (náma)
741	Neðribyggðarvegur	Skagastrandarvegur hjá Enni – Steypustöð
744	Þverárfjallsvegur	Gönguskarðsárbrú – Sauðárkróksbraut
753	Vindheimavegur	Hringvegur – Vallholtsnáma
759	Kjálkavegur	Hringvegur – Tunguá (náma)
762	Sæmundarhlíðarvegur	Sauðárkróksbraut – Reynoldsstaðanáma
7047	Svertingsstaðavegur	Hringvegur – Svertingsstaðir (náma)
7230	Uppsalavegur	Hringvegur – Uppsaliir (náma)

Vegur nr.	Heiti	Kaflí
7596	Minni-Akravegur	Hringvegur – Dalsáreyrar
82	Ólafsfjarðarvegur	Hringvegur – Ólafsfjörður
83	Grenivíkurvegur	
85	Norðasturvegur	Brú á Skjálfandafljóti – Hringvegur á Möðrudalsöræfum
87	Kísilvegur	
805	Svarfaðardalsvegur	Ólafsfjarðarvegur – Bakki (náma)
808	Árskógssandsvegur	
809	Hauganesvegur	
811	Hjalteyrarvegur	
815	Hörgárdalsvegur	Ólafsfjarðarvegur – Björg (náma)
816	Dagverðareyrarvegur	Hringvegur – Skipalón (náma)
817	Blómsturvallavegur	Hringvegur – Blómsturvellir (náma)
821	Eyjafjarðarbraut vestri	Hringvegur – Miðbraut
823	Miðbraut	
829	Eyjafjarðarbraut eystri	Hringvegur – Miðbraut
830	Svalbarðseyrarvegur	
845	Aðaldalsvegur	
846	Austurhlíðarvegur	Hringvegur – Laugafiskur (fyrirtæki)
848	Mývatnsvegur	
863	Kröfluvegur	
870	Kópaskersvegur	
91	Hafnarvegur í Bakkafirði	
92	Norðfjarðarvegur	
93	Seyðisfjarðarvegur	
94	Borgarfjarðarvegur	
96	Suðurfjarðarvegur	
98	Djúpavogsvegur	
99	Hafnarvegur	
931	Upphéraðsvegur	Hringvegur við Úlfsstaði – Fljótsdalsvegur
933	Fljótsdalsvegur	Upphéraðsvegur við Hengifossá – Austurleið
984	Hoffellsvegur	
9340	Norðurdalsvegur	Fljótsdalsvegur – fyrirhugað stöðvarhús
F910	Austurleið	Fljótsdalsvegur – Snæfellsleið

B. Aðrir þjóðvegir falla undir viðauka II.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. júlí 2003.

*Vegagerðinni, 26 júní 2003.*

**Jón Rögnvaldsson.**

*Björn Ólafsson.*

## REGLUR

### um flokkun mjólkur og verðfellingar vegna líftölu.

Verðlagsnefnd búvöru hefur ákveðið flokkun og verðfellingar mjólkur með bactoscan-mælingum vegna líftölu (gerlatölu) eftirfarandi, fyrir tímabilið 1. júlí til 31. desember 2003:

1. flokkur	≤ 600.000	Verð skv. lágmarksverði 1. flokks mjólkur.
2. flokkur	> 600.000 og ≤ 3.000.000	2% verðfelling af lágmarksverði mjólkur (1,58 kr./lítra pr. 1. júlí 2003).
3. flokkur	> 3.000.000	5% verðfelling af lágmarksverði mjólkur (3,94 kr./lítra pr. 1. júlí 2003).

Taka skal a.m.k. eitt sýni hjá hverjum framleiðanda í hverri viku. Einungis er verðfellt vegna líftölu. Fyrir hvert sýni sem fer í 2. flokk, skal verðfellt um 2% og fyrir hvert sýni sem fer í 3. flokk skal verðfellt um 5%. Samanlögð prósentu einstakra flokka skal gilda sem heildarverðfelling fyrir allt mjólkurmagn framleiðandans í mánuðinum. Verðfelling fyrir hvern lítra mjólkur skal reiknuð af lágmarksverði sem gildir á hverjum tíma.

Reglur þessar eru birtar samkvæmt heimild í 8. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 27. júní 2003.*

F.h. verðlagsnefndar búvöru,

**Ólafur Friðriksson** formaður.

# STJÓRNARTÍÐINDI B 77 – 2003

1. júlí 2003

1545

Nr. 483

## REGLUGERÐ

### um stjórn veiða íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum árið 2003.

#### 1. gr.

Allar veiðar á síld úr norsk-íslenska síldarstofninum eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu. Við veitingu leyfa koma aðeins til greina skip sem aflamark hafa í síld úr norsk-íslenska síldarstofninum.

#### 2. gr.

Leyfi, sbr. 1. gr., tekur til veiða á síld úr norsk-íslenska síldarstofninum í lögsögu Íslands, Færeyja, Noregs og Jan Mayen og á alþjóðlega hafsvæðinu milli Íslands og Noregs. Við veiðar í lögsögu Færeyja, Noregs og Jan Mayen skal farið að reglum sem stjórnvöld í viðkomandi landi setja um veiðarnar. Um veiðar í lögsögu Noregs gilda og ákvæði 2. mgr. 3. gr.

#### 3. gr.

Á tímabilinu 5. maí til 31. desember 2003 er íslenskum skipum heimilt að veiða samtals 103.234 lestir af síld.

Heimilt er íslenskum skipum á árinu 2003 að veiða 12.000 lestir af síld í efnahagslögsögu Noregs. Aðeins er heimilt að veiða norðan 62° N og utan 12 sjómílna frá grunnlínunum.

#### 4. gr.

Aflamark þeirra skipa sem aflamark áttu þann 26. júní 2003 skal skerðast um samtals 7.100 lestir. Aflamark hvers skips skal skerðast í hlutfalli við stöðu aflamarks þess á þeim sama tíma. Jafnframt fá þessi skip heimild til að veiða samtals 12.000 lestir í efnahagslögsögu Noregs, sbr. 3. gr. Skal þeirri heimild skipt í sama hlutfalli og getið er í 2. málsl.

Heimilt er að flytja sérstaklega milli skipa þann hluta aflamarks sem hverju skipi er heimilt að veiða við Noreg. Fiskistofu skal tilkynnt um slíkan flutning.

#### 5. gr.

Um tilkynningar við síldveiðar á alþjóðlegu hafsvæði gilda ákvæði reglugerðar nr. 447/1999, um veiðieftirlit á samningssvæði (NEAFC) Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar, með síðari breytingum og taka þær tilkynningar einnig til veiða innan lögsögunnar.

Um tilkynningar vegna veiða innan lögsögu Færeyja og Noregs fer samkvæmt reglum hlut-  
aðeigandi stjórnvalda.

6. gr.

Síldarafla skal landað og hann veginn í íslenskri höfn. Þó er heimilt, að fengnu leyfi Fiskistofu, að landa síldarafla til bræðslu í fiskimjölsverksmiðju í erlendri höfn, enda liggi fyrir að eftirlit með löndun og vigtun sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Þá er heimilt að landa síld til manneldis í erlendri höfn, enda sé síldin seld á opinberum fiskmörkuðum þar sem vigtunaraðferðir og eftirlit er viðurkennt af Fiskistofu.

Heimilt er að landa óvígtaðri síld um borð í vinnsluskip enda tilkynni skipstjóri veiðiskips Fiskistofu fyrirfram hvaða vinnsluskip taki aflann og áætlað löndunarmagn. Strax að lokinni löndun síldarinnar um borð í vinnsluskip, skal skipstjóri veiðiskips senda Fiskistofu endanlegar tölur um landaðan afla og aflaverðmæti, staðfestar af móttakanda síldarinnar. Þá er og heimilt að miðla afla úr nótt til skips, sem leyfi hefur til síldveiða í því skyni að koma í veg fyrir að síld sé sleppt dauðri úr nóttum.

Um vigtun á síld gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar nr. 522/1998, um vigtun sjávarafrafla, með síðari breytingu, þó þannig að vegna vatnsinnihalds í síld skulu 13% af afla hvers skips, miðað við afla upp úr sjó, ekki dragast frá aflaheimildum þess.

Þegar norsk-íslensk síld er reiknuð til þorsgilda skal miðað við verðmætastuðulinn 0,12.

7. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út með stoð í henni varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um veiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

Vegna afla umfram leyfilegt hámark skal beita ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafrafla. Jafnframt er Fiskistofu heimilt að svipta skip leyfi til síldveiða vegna brota á reglugerð þessari.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli, jafnframt er felld út gildi reglugerð nr. 312, 2. maí 2003, um stjórn veiða íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum árið 2003.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 1. júlí 2003.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Kolbeinn Árnason.*

## REGLUGERÐ

um skilyrði á sviði dýraheilbrigðis vegna  
inn- og útflutnings eldisdýra og afurða þeirra.

### I. KAFLI

#### Tilgangur, gildissvið og skilgreiningar.

##### 1. gr.

##### *Tilgangur.*

Tilgangur þessarar reglugerðar er að hindra útbreiðslu smitsjúkdóma í eldisdýrum við inn- og útflutning lifandi eldisdýra og eldisafurða.

##### 2. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um inn- og útflutning innan Evrópska efnahagssvæðisins og innflutning frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins á eldisdýrum og afurðum þeirra. Með reglugerðinni er kveðið nánar á um þær heilbrigðiskröfur sem gerðar eru við inn- og útflutning á eldisdýrum og afurðum þeirra. Reglugerð þessi gildir ekki um innflutning skrautfiska.

##### 3. gr.

##### *Skilgreiningar.*

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Eldisafurðir*: afurðir af eldisdýrum, hvort sem þær eru ætlaðar til ræktunar, eins og hrogn og svil, eða til manneldis.
2. *Eldisdýr*: lifandi fiskur, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð fyrir eldisstöð.
3. *Eldisstöð*: starfsstöð eða almennt landfræðilega skilgreint mannvirki þar sem eldisdýr eru ræktuð eða alin með markaðssetningu í huga.
4. *Evrópska efnahagsvæðið*: samanstendur af aðildarríkjum Evrópusambandsins ásamt Noregi, Íslandi og Liechtenstein og er nefnt EES í reglugerð þessari.
5. *Opinber eftirlitsaðili*: embætti yfirdýralæknis og fulltrúi þess hér á landi en erlendis önnur sambærileg stofnun sem er tilnefnd af þar til bæru yfirvaldi aðildarríkis innan EES eða lands utan EES (þriðja lands) og ber ábyrgð á eftirlitinu sem kveðið er á um í þessari reglugerð.
6. *Viðurkennd eldisstöð*: eldisstöð sem uppfyllir, eftir því sem við á, kröfurnar í I., II. eða III. hluta viðauka C og er viðurkennd sem slík.
7. *Viðurkennd rannsóknastofa*: Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, fisksjúkdómadeild hér á landi en erlendis önnur sambærileg stofnun sem tilnefnd er af þar til bæru yfirvaldi aðildarríkis innan EES eða lands utan EES (þriðja lands).
8. *Viðurkennt svæði*: svæði sem uppfyllir, eftir því sem við á, ákvæði I., II. eða III. hluta viðauka B og er viðurkennt sem slíkt.

## II. KAFLI

## Almennar kröfur vegna inn- og útflutnings.

## 4. gr.

*Flutningsskýrsla, heilbrigðisvottorð og rekjanleiki.*

Aðili sem óskar eftir inn- og útflutningi eldisdýra og afurða þeirra skal sækja skriflega um heimild með hæfilegum fyrirvara til embættis yfirdýralæknis.

Ef ekki er kveðið á um annað í reglugerð þessari, skal heilbrigðisvottorð frá opinberum eftirlitsaðila fylgja hverri vörusendingu af lifandi eldisdýrum, hrognum og sviljum. Hver vörusending skal greinilega auðkennd svo að unnt sé að rekja hana til baka til upprunaeldisstöðvarinnar og sannreyna, eftir því sem við á, tengsl dýranna eða afurðanna við upplýsingarnar sem fram koma á meðfylgjandi flutningsskýrslu og heilbrigðisvottorði.

Heilbrigðisvottorð skal uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. vera útgefið af opinberum eftirlitsaðila á upprunastað;
  - a. innan 48 klukkustunda fyrir fermingu vegna flutnings til landa innan EES,
  - b. þann dag sem vörusendingin er afhent til flutnings vegna innflutnings frá landi utan EES,
2. vera ritað á opinberu tungumáli bæði brottfarar- og viðtökulands. Vegna innflutnings frá löndum utan EES skal vottorðið einnig vera ritað á opinberu tungumáli landamærastöðvar. Embætti yfirdýralæknis getur veitt undanþágu frá þessum tölu-lið enda hafi það ekki áhrif á starf opinbers eftirlitsaðila,
3. vera ein pappírsörk,
4. vera útgefið til eins viðtakanda,
5. fylgja vörusendingunni í frumriti,
6. gilda í mesta lagi í 10 daga frá útgáfudegi.

Heilbrigðisvottorð skal jafnframt innihalda upplýsingar um tegund, magn og uppruna og staðfesta að eldisdýrin eða tiltekna afurðir uppfylli kröfur þessarar reglugerðar.

## 5. gr.

*Flutningur – Flutningstæki.*

Flytja skal eldisdýr eins fljótt og unnt er til viðtökustaðar. Flutningur skal fara þannig fram að heilbrigði dýranna sé tryggt. Flutningstæki og búnaður þess skal þrífinn og sótt-hreinsaður fyrirfram með sóttgreinsiefni sem er opinberlega viðurkennt í útflutningslandi og skal fylgja opinbert vottorð þar um.

## 6. gr.

*Almennt um inn- og útflutning á lifandi eldisdýrum og eldisafurðum.*

Við inn- og útflutning á lifandi eldisdýrum og eldisafurðum skulu eftirfarandi skilyrði vera uppfyllt:

1. Lifandi eldisdýr skulu á fermingardegi uppfylla eftirtalin skilyrði:
  - a) ekki sýna nein klínísk sjúkdómseinkenni,
  - b) ekki vera ætluð til förgunar eða slátrunar samkvæmt áætlun ríkis um niðurskurð vegna sjúkdóms, sem tilgreindur er í viðauka A og
  - c) ekki koma frá eða hafa komist í sneringu við dýr frá eldisstöð eða svæði sem um gilda opinberar takmarkanir vegna staðfestrar sýkingar eða rökstudds gruns um sjúkdóma sem tilgreindir eru á skrá I, II eða III í viðauka A.
2. Eldisafurðir settar á markað til ræktunar, svo sem hrogn og svil, skulu vera af dýrum sem fullnægja skilyrðum 1. töluliðar.

3. Eldisafurðir settar á markað til manneldis skulu vera af dýrum sem fullnægja skilyrðum a-liðar, 1. töluliðs.

### III. KAFLI

#### Viðbótarkröfur vegna inn- og útflutnings eldisdýra og afurða þeirra innan Evrópska efnahagssvæðisins.

##### 7. gr.

*Lifandi fiskur og lindýr, hrogn og svil þeirra, sem tilheyra smitnæmum tegundum og tilgreindar eru í 2. dálki, skrá II, viðauka A.*

Lifandi fiskur og lindýr, hrogn og svil þeirra, sem tilheyra smitnæmum tegundum tilgreindum í 2. dálki, skrá II, viðauka A, og flytja á til viðurkennds svæðis eða viðurkenndrar eldisstöðvar, skulu koma frá viðurkenndu svæði eða viðurkenndri eldisstöð. Þetta skal staðfest í heilbrigðisvottorði. Flutningsskýrsla skal fylgja sendingum í samræmi við viðauka E.

##### 8. gr.

*Lifandi fiskur og lindýr, hrogn og svil þeirra, sem ekki tilheyra smitnæmum tegundum og tilgreindar eru í 2. dálki, skrá II, viðauka A.*

Lifandi fiskur og lindýr, hrogn og svil þeirra, sem ekki tilheyra smitnæmum tegundum tilgreindum í 2. dálki, skrá II, viðauka A, og flytja á til viðurkennds svæðis eða viðurkenndrar eldisstöðvar, skulu koma frá:

- 1) viðurkenndu svæði eða,
- 2) viðurkenndri eldisstöð, eða
- 3) frá eldisstöð sem ekki er í tengslum við vatnasvæði, hafströnd, lón eða ármynni og sem ekki hafa fisk eða lindýr af tegundum sem eru tilgreindar í 2. dálki, skrá II, viðauka A.

Skilyrði samkvæmt 1. mgr. skulu staðfest í heilbrigðisvottorði. Flutningsskýrsla skal fylgja sendingum í samræmi við viðauka E.

##### 9. gr.

*Villtur fiskur, lindýr og krabbadýr, að meðtöldum hrognum og sviljum, sem flytja skal í eldisstöð.*

Villtur fiskur, lindýr og krabbadýr, að meðtöldum hrognum og sviljum, sem flytja skal á viðurkennt svæði eða í viðurkennda eldisstöð, skulu koma frá viðurkenndu svæði.

Þar sem dýr eru fönguð á opnu hafi til undaneldis á viðurkenndu svæði eða í viðurkenndri eldisstöð, skal setja dýrin í einangrun eftir leiðbeiningum og undir eftirliti opinbers eftirlitsaðila.

##### 10. gr.

*Eldisdýr, eldisafurðir, villt lifandi veidd lindýr og krabbadýr til manneldis.*

Fiskur sem er smitnæmur fyrir sjúkdómum sem eru tilgreindir í 1. dálki, skrá II, viðauka A, og flytja á frá svæði eða eldisstöð, sem ekki er viðurkennd, til viðurkennds svæðis eða viðurkenndrar eldisstöðvar, skal aflífaður og slægður fyrir flutning.

Við útflutning óslægðs atlantshafslax, sjóbirtings og regnbogasilungs með uppruna á Íslandi skal framleiðslan ekki koma frá eldisstöð með takmarkanir vegna rökstudds gruns eða staðfests tilviks um blóðþorra (ISA). Slíkur útflutningur skal heldur ekki eiga sér stað frá svæði sem liggur innan eftirlitssvæðis vegna blóðþorra (ISA), sbr. reglugerð nr. 665/2001 um viðbrögð við smitsjúkdómum.

Lifandi lindýr, sem eru smitnæm fyrir sjúkdómum, sem tilgreindir eru í 1. dálki, skrá II, viðauka A, og flytja á frá svæði sem ekki er viðurkennt til viðurkennds svæðis skal

afhenda annaðhvort beint til manneldis eða til lagmetisiðnaðarins. Slík lifandi lindyr má geyma um stundarsakir í kerri, þar sem opinber eftirlitsaðili hefur viðurkennt kerfi til sótt-hreinsunar á frárennslisvatni. Geymsla um stundarsakir má ekki eiga sér stað í eldisstöð.

Lifandi krabbadýr til manneldis skal sjóða við komu á áfangastað eða geyma í kerri með viðurkenndri sóttgreinsun á frárennslisvatni, sbr. 3. mgr. Geymsla um stundarsakir má ekki eiga sér stað í eldisstöð.

#### IV. KAFLI

### Viðbótarkröfur vegna innflutnings eldisdýra og afurða þeirra frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

#### 11. gr.

##### *Viðurkennd lönd eða landsvæði.*

Lifandi eldisdýr og afurðir þeirra má flytja inn frá löndum utan EES, ef viðkomandi land eða landsvæði er talið upp á sérstakri skrá yfir viðurkennd lönd og embætti yfirdýralæknis hefur staðfest. Að öðru leyti gilda reglur II. og III. kafla þessarar reglugerðar um innflutning frá þessum löndum.

Innflutningur lifandi eldisdýra og afurða þeirra skal vera í samræmi við ákvæði III. kafla reglugerðar nr. 849/1999 um eftirlit með innflutningi sjávarafurða eftir því sem við á.

#### V. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

#### 12. gr.

##### *Eftirlit.*

Opinber eftirlitsaðili, eins og hann er skilgreindur í 5. tl. 3. gr., héraðslæknis embætti yfirdýralæknis, fer með eftirlit vegna þessarar reglugerðar.

#### 13. gr.

##### *Undanþágur.*

Embætti yfirdýralæknis er heimilt, í undantekningatilvikum, að veita undanþágur frá ákvæðum þessarar reglugerðar og setja skilyrði fyrir slíkri undanþágu.

#### 14. gr.

##### *Öryggisákvæði.*

Landbúnaðarráðherra er jafnframt heimilt, í samráði við embætti yfirdýralæknis, að takmarka eða banna inn- og útflutning tiltekinna dýra og afurða þeirra til tiltekins lands eða landsvæðis telji hann að slíkur flutningur valdi eða sé líklegur til að valda útbreiðslu sjúkdóma.

#### 15. gr.

##### *Refsiákvæði.*

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, laga nr. 54/1990 um innflutning dýra og laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim eftir því sem við á.

Með mál út af brotum á reglum samkvæmt reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

#### 16. gr.

##### *Lagaheimild og gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir

gegn þeim með síðari breytingum, sbr. bráðabirgðalög nr. 103/2003 og með hliðsjón af tilskipunum Evrópusambandsins nr. 91/67/EBE, 93/54/EBE, 95/22/EB, 97/79/EB og 98/45/EB. Reglugerð þessi öðlast gildi 11. júlí 2003.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 2. júlí 2003.*

**Guðni Ágústsson.**

*Sigríður Norðmann.*

VIÐAUKI A

**Skrá yfir sjúkdóma/sjúkdómsvalda í fiskum, lindýrum og krabbadýrum.**

Dálkur 1	Dálkur 2
Sjúkdómur	Smitnæmar tegundir
<b>Skrá I</b>	
<b>Fiskur:</b> Blóðþorri (ISA)	Lax ( <i>Salmo salar</i> L.)
<b>Skrá II</b>	
<b>Fiskur:</b> Veirublæðing (VHS)	Laxfiskar ( <i>Salmo</i> sp., <i>Salvelinus</i> sp., <i>Oncorhynchus</i> sp.) Harri ( <i>Thymallus thymallus</i> ) Tjarnasíld ( <i>Coregonus</i> spp.) Gedda ( <i>Esox lucius</i> ) Sandhverfa ( <i>Scophthalmus maximus</i> )
Iðradrep (IHN)	Laxfiskar ( <i>Salmo</i> sp., <i>Salvelinus</i> sp., <i>Oncorhynchus</i> sp.) Gedduseiði ( <i>Esox lucius</i> )
<b>Lindýr:</b> Ostruveiki ( <i>Bonomia ostreae</i> ) Marteilúveiki ( <i>Marteilia refringens</i> )	Ostra ( <i>Ostrea edulis</i> ) Ostra ( <i>Ostrea edulis</i> )
<b>Skrá III</b>	
<b>Fiskur:</b> Brisdrep (IPN)	Laxfiskar ( <i>Salmo</i> sp., <i>Salvelinus</i> sp., <i>Oncorhynchus</i> sp.) Áll ( <i>Anguilla anguilla</i> ) Lúða ( <i>Hippoglossus hippoglossus</i> L.) Sandhverfa ( <i>Scophthalmus maximus</i> ) Þorskur ( <i>Gadus morhua</i> ) Barri ( <i>Dicentrarchus labrax</i> )
Vorveira í vatnakarpa (SVC)	Vatnakarpi ( <i>Cyprinus carpio</i> )
Nýrnaveiki (BKD) ( <i>Renibacterium salmoninarum</i> )	Laxfiskar ( <i>Salmo</i> sp., <i>Salvelinus</i> sp., <i>Oncorhynchus</i> sp.)
Kýlaveiki ( <i>Aeromonas salm.</i> ssp. <i>salmonicida</i> )	Laxfiskar ( <i>Salmo</i> sp., <i>Salvelinus</i> sp., <i>Oncorhynchus</i> sp.)
Rauðmunnaveiki ( <i>Yersinia ruckeri</i> )	Laxfiskar ( <i>Salmo</i> sp., <i>Salvelinus</i> sp., <i>Oncorhynchus</i> sp.) Áll ( <i>Anguilla anguilla</i> ) Sandhverfa ( <i>Scophthalmus maximus</i> ) Straumlalli ( <i>Notropis atherinoides</i> )
Roðflyðrusýki ( <i>Gyrodactylus salaris</i> )	Lax ( <i>Salmo salar</i> L.)
<b>Krabbadýr:</b> Krabbapest ( <i>Aphanomycosis astaci</i> )	Ferskvatnskrabbi ( <i>Astacus</i> sp., <i>Austropotamobius pallipes</i> , <i>Procambarus clarkii</i> )

VIÐAUKI B  
Viðurkennd svæði.

**I. Meginlandssvæði fyrir fisk (2. dálkur, skrá II, viðauki A).**

A. *Skilgreining á meginlandssvæðum.*

Með meginlandssvæði er átt við;

- hluta yfirráðasvæðis sem nær yfir heilt vatnasvið frá upptökum vatnsfallanna að árósum þar sem sjávarfalla gætir, eða eins eða fleiri vatnasviða, þar sem fiskur er ræktaður, veiddur eða alinn, eða
- hluta vatnasviðs frá upptökum vatnsfallanna að náttúrulegri eða tilbúinni stíflu sem kemur í veg fyrir að fiskurinn fari niður fyrir þá stíflu.

Stærð og landfræðileg lega meginlandssvæðis skal vera þannig að líkur á endursmitun, t.d. vegna farfisks, séu í lágmarki. Þetta getur haft þá þýðingu að ákveða verði stíflusvæði þar sem eftirlit fer fram án þess að svæðið verði flokkað sem viðurkennt svæði.

B. *Viðurkenning.*

Til að hljóta viðurkenningu skal meginlandssvæði fullnægja eftirfarandi kröfum;

1. allur fiskur skal vera laus við klínísk einkenni eða önnur merki um einn eða fleiri af þeim sjúkdómum sem um getur í 1. dálki, skrá II, viðauka A, í að minnsta kosti fjögur ár;
2. allar eldisstöðvar á meginlandssvæðinu skulu vera undir eftirliti opinberra eftirlitsaðila;
3. heilbrigðissskoðun skal hafa farið fram tvisvar á ári í tvö ár á þeim árstíma þegar vatnshitastig skapar skilyrði fyrir þróun sjúkdóma sem tilgreindir eru í 1. dálki, skrá II, viðauka A, sbr. tilvísun í 1. lið.

Heimilt er að veita svæðum sem reynslan hefur sýnt að sjúkdómar sem um getur 1. dálki, skrá II, viðauka A, fyrirfinnast ekki á, stöðu sem viðurkennd svæði með eftirtöldum skilyrðum:

- a) landfræðileg lega skal vera þannig að sjúkdómar eigi ekki greiða leið að svæðinu;
- b) opinbert heilbrigðiseftirlit hefur verið í lengri tíma, minnst tíu ár með eftirfarandi hætti:
  - reglulegt eftirlit hefur verið haft með öllum eldisstöðvum,
  - notað hefur verið sjúkdómatilkynningakerfi,
  - ekkert sjúkdómstilvik hefur verið skráð,
  - samkvæmt gildandi reglum hefur aðeins verið unnt að flytja inn á viðkomandi svæði hrogn, fiska eða svil frá ósmituðum svæðum eða eldisstöðvum sem opinbert eftirlit er haft með gegn framvísun heilbrigðisvottorða sem uppfylla skilyrði 4. gr.

C. *Viðurkenningu haldið við.*

Meginlandssvæði skal fullnægja eftirfarandi kröfum til að halda viðurkenningu:

1. fiskur sem er fluttur á svæðið skal eingöngu koma frá öðru viðurkenndu svæði eða frá viðurkenndri eldisstöð;
2. heilbrigðissskoðun skal fara fram tvisvar á ári á hverri eldisstöð í samræmi við 3. lið í B-hluta nema á eldisstöðvum seiðastofns, þar skal heilbrigðissskoðun fara fram einu sinni á ári. Þó skulu sýni tekin á víxl í 50% af fiskeldisstöðvunum á meginlandssvæðinu á hverju ári;
3. niðurstöður rannsóknastofurannsókna á fiski sem hefur verið tekinn við heilbrigðis-

skoðun skulu hafa verið neikvæðar að því er varðar sjúkdóma sem um getur í 1. dálki, skrá II, viðauka A;

4. Þeir aðilar sem reka eldisstöðvar eða þeir aðilar sem bera ábyrgð á aðflutningi fisks skulu halda skrá þar sem fram koma allar nauðsynlegar upplýsingar svo að unnt sé að hafa óslitið eftirlit með heilbrigði fisksins.

**D. Tímabundin niðurfelling, endurnýjun og afturköllun viðurkenningar.**

1. Tilkynna skal eins fljótt og kostur er til opinbers eftirlitsaðila óvænt dauðsföll eða önnur einkenni þar sem grunur gæti leikið á að fisksjúkdómur sem um getur í 1. dálki, skrá II, viðauka A hafi komið upp. Hann skal þegar í stað fella niður um tíma viðurkenningu svæðisins eða hluta þess, að því tilskildu að sá hluti svæðisins sem enn hefur stöðu viðurkennds svæðis sé áfram í samræmi við skilgreininguna í A-lið;
2. Úrtak með að minnsta kosti 10 sýktum fiskum skal sent til viðurkenndrar rannsóknastofu til greiningar á viðkomandi smitefnum. Opinberum eftirlitsaðila skal umsvifalaust tilkynnt um niðurstöður prófsins.
3. Ef niðurstöður smitefnagreiningarinnar eru neikvæðar, enda þótt aðrar niðurstöður kunni að vera jákvæðar, skal opinber eftirlitsaðili endurnýja viðurkenninguna.
4. Ef ekki er unnt að gera sjúkdómsgreiningu skal frekari heilbrigðisskoðun að fara fram innan 15 daga frá því að fyrsta úrtak var tekið og taka skal nógu marga sýkta fiska og senda þá til viðurkenndrar rannsóknastofu til smitefnagreiningar. Fáist aftur neikvæðar niðurstöður eða séu ekki fleiri fiskar sýktir endurnýjar opinber eftirlitsaðili viðurkenninguna.
5. Ef niðurstöðurnar eru jákvæðar skal opinber eftirlitsaðili afturkalla viðurkenningu svæðisins eða hluta svæðisins sem um getur í 1. lið.
6. Endurnýjun á viðurkenningu svæðis eða hluta svæðis sem um getur í 1. lið er háð eftirfarandi skilyrðum:
  - a) komi upp sjúkdómur:
    - skal allur fiskur í sýktu eldisstöðinni hafa verið aflífaður og farga skal fiski sem er smitaður,
    - sóthreinsa skal öll tæki og búnað í samræmi við þær reglur sem opinber eftirlitsaðili setur;
  - b) þegar sjúkdómnum hefur verið útrýmt verður viðkomandi svæði aftur að fullnægja kröfum sem fram koma í þætti B.
7. Þar til bært stjórnvald skal tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA og hinum aðildarríkjunum innan EES um tímabundna niðurfellingu, endurútgáfu eða afturköllun á viðurkenningu svæðis eða hluta svæðis eins og um getur í 1. lið.

**II. Strandsvæði fyrir fisk (2. dálkur, skrá II, viðauki A).**

- A. Strandsvæði er landfræðilega vel afmarkaður hluti strandar, hafsvæðis eða ármynnis og myndar einsleitt vatnskerfi eða röð slíkra kerfa.

Ef nauðsyn krefur má líta svo á að strandsvæði sé myndað af hluta strandar eða hafsvæðis eða ármynnis sem er milli mynnis tveggja vatnsfalla eða af hluta strandar eða hafsvæðis eða ármynnis þar sem er ein eldisstöð eða fleiri, að því tilskildu að gert sé ráð fyrir stíflusvæði báðum megin við eldisstöðina eða stöðvarnar.

**B. Viðurkenning.**

Til að hljóta viðurkenningu verður strandsvæði fyrir fisk að fullnægja kröfum sem eru settar vegna meginlandssvæða og um getur í þætti B í I. hluta.

C. *Viðurkenningu haldið við.*

Fullnægja verður kröfunum sem eru settar í þætti C í I. hluta til að halda viðurkenningu.

D. *Tímabundin niðurfelling, endurnýjun og afturköllun viðurkenningar.*

Sömu reglur gilda og fram koma í þætti D í I. hluta; ef svæðið er myndað af röð vatnasvæða getur tímabundin niðurfelling, endurnýjun og afturköllun viðurkenningar samt sem áður átt við hluta af þessari vatnasvæðaröð ef sá hluti er landfræðilega skýrt afmarkaður og er einsleitt vatnasvæði, að því tilskildu að sá hluti sem enn er viðurkenndur sé áfram í samræmi við skilgreininguna í þætti A.

### III. Strandsvæði fyrir lindýr (2. dálkur, skrá II, viðauki A).

A. *Skilgreining.*

Strandsvæði verður að uppfylla skilgreininguna sem kemur fram í þætti A í II. hluta.

B. *Viðurkenning.*

Til að hljóta viðurkenningu verður strandsvæði að fullnægja eftirfarandi kröfum:

1. öll lindýr verða að vera laus við klínísk einkenni eða önnur merki um einn eða fleiri af sjúkdómum sem um getur í 1. dálki, skrá II, viðauka A í að minnsta kosti tvö ár;
2. allar eldisstöðvar á strandsvæðinu skulu vera undir eftirliti opinberra eftirlitsaðila. Það fer eftir þróun viðkomandi smitefna hversu oft heilbrigðisskoðun fer fram. Við heilbrigðisskoðun eru sýni tekin og send eins fljótt og kostur er til viðurkenndrar rannsóknastofu þar sem fram fer greining á viðkomandi smitefnum;
3. ef engin eldisstöð er á strandsvæði skal opinber eftirlitsaðili að gera það að skilyrði að heilbrigðisskoðun fari fram á lindýrum í samræmi við 2. lið, svo oft sem hæfir þróun viðkomandi smitefna. Sýni hins vegar nákvæm skoðun á dýralífinu að engin lindýr fyrirfinnist á svæðinu af tegundum sem eru smitnæmar eða arfberar getur opinberi eftirlitsaðilinn viðurkennt svæðið áður en lindýr eru flutt þangað;
4. rannsóknastofurannsóknir á lindýrum sem eru tekin við heilbrigðisskoðun hafi sýnt neikvæðar niðurstöður að því er viðkomandi smitefni varðar. Við viðurkenningu má taka tillit til þess að reynslan hafi sýnt að sjúkdómarnir sem um getur í 1. dálki, skrá II, viðauka A finnist ekki.

C. *Viðurkenningu haldið við.*

Fullnægja þarf eftirfarandi kröfum til að halda viðurkenningu:

1. lindýr sem eru flutt á strandsvæðið skulu koma frá öðru viðurkenndu strandsvæði eða frá viðurkenndri eldisstöð á strandsvæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu;
2. heilbrigðisskoðun skal fara fram í hverri eldisstöð í samræmi við 2. lið í þætti B, svo oft sem hæfir þróun viðkomandi smitefna;
3. niðurstöður rannsóknastofurannsókna á lindýrum sem hafa verið tekin við heilbrigðisskoðun skulu hafa verið neikvæðar að því er varðar sjúkdómanna sem um getur í 1. dálki, skrá II, viðauka A;
4. þeir sem reka eldisstöðvar eða þeir sem bera ábyrgð á aðflutningi lindýra skulu halda skrá þar sem fram koma allar nauðsynlegar upplýsingar svo að unnt sé að hafa óslitið eftirlit með heilbrigði lindýranna.

**D. Tímabundin niðurfelling, endurnýjun og afturköllun viðurkenningar.**

1. Tilkynna skal eins fljótt og kostur er til opinbers eftirlitsaðila óvænt dauðsföll eða önnur einkenni þar sem grunur gæti leikið á að lindýrasjúkdómur sem um getur í 1. dálki, skrá II, viðauka A hafi komið upp. Hann skal þegar í stað fella niður um tíma viðurkenningu svæðisins eða, ef svæðið er myndað af röð vatnasvæða getur tímabundin niðurfelling, endurnýjun og afturköllun viðurkenningar samt sem áður átt við hluta af þessari vatnasvæðaröð ef sá hluti er landfræðilega skýrt afmarkaður og er einsleitt vatnasvæði, að því tilskildu að sá hluti sem enn er viðurkenndur sé áfram í samræmi við skilgreininguna í þætti A.
2. Úrtak með sýktum lindýrum skal sent til viðurkenndrar rannsóknarstofu til greiningar á viðkomandi smitefnum. Opinberum eftirlitsaðila skal umsvifalaust tilkynnt um niðurstöður prófsins.
3. Ef niðurstöður smitefnagreiningarinnar eru neikvæðar, enda þótt aðrar niðurstöður kunni að vera jákvæðar, skal viðurkenningin endurnýjuð.
4. Ef ekki er unnt að gera sjúkdómsgreiningu skal frekari heilbrigðissskoðun að fara fram innan 15 daga frá því að fyrsta úrtak var tekið og taka skal nógu mörg sýkt lindýr og senda þau til viðurkenndrar rannsóknastofu til smitefnagreiningar. Fáist aftur neikvæðar niðurstöður eða séu ekki fleiri lindýr sýkt endurnýjar opinber eftirlitsaðili viðurkenninguna.
5. Ef niðurstöðurnar eru jákvæðar skal opinber eftirlitsaðili afturkalla viðurkenningu svæðisins eða hluta svæðisins eins og um getur í 1. lið.
6. Endurnýjun á viðurkenningu svæðis eða hluta svæðis, eins og um getur í 1. lið, er háð eftirfarandi skilyrðum:
  - a) komi upp sjúkdómur:
    - skal farga öllum lindýrum sem eru smituð eða sýkt,
    - sóttthreinsa skal öll tæki og búnað í samræmi við þær reglur sem opinbera þjónustustofnunin setur;
  - b) þegar sjúkdómnum hefur verið útrýmt þarf viðkomandi svæði aftur að fullnægja kröfum sem fram koma í þætti B.
7. Þar til bært stjórnvald skal tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA og hinum aðildarríkjum innan EES um tímabundna niðurfellingu, endurútgáfu og afturköllun á viðurkenningu svæðis eða hluta svæðis, eins og um getur í 1. lið.

**VIÐAUKI C****Viðurkenndar eldisstöðvar á svæði sem hefur ekki hlotið viðurkenningu.****I. Meginlandseldisstöðvar fyrir fisk (2. dálkur, skrá II, viðauki A).****A. Viðurkenning.**

Til að hljóta viðurkenningu verður eldisstöð að fullnægja eftirfarandi kröfum:

1. Vatn skal koma úr brunni, borholu eða uppsprettu. Þegar slíkir vatnsöflunarstaðir eru í ákveðinni fjarlægð frá eldisstöðinni skal vatnið leitt beint til hennar um rör eða, með samþykki viðkomandi opinbers eftirlitsaðila, eftir opnum skurði eða náttúrulegri rás, að því tilskildu að slíkt sé ekki uppspretta smits fyrir viðkomandi eldisstöð og villtur fiskur komist ekki inn í hana. Vatnsrásin skal vera undir eftirliti eldisstöðvarinnar eða, ef því verður komið við, viðkomandi opinbers eftirlitsaðila.

2. Náttúrulegar eða tilbúnar hindranir verða að vera forstreymis til að koma í veg fyrir að fiskur gangi upp í viðkomandi eldisstöð.
3. Ef nauðsyn krefur skal eldisstöð varin gegn flóðum og því að vatn geti þrengt sér inn.
4. Eldisstöð skal að breyttu breytanda fullnægja kröfunum sem um getur í þætti B í I. hluta viðauka B. Þegar sótt er um viðurkenningu á grundvelli skráðra upplýsinga og opinbert eftirlitskerfi hefur verið starfrækt í tíu ár skal hún fullnægja eftirfarandi viðbótarkröfum:
  - Klínísk rannsókn skal hafa farið fram í eldisstöðinni að minnsta kosti árlega og sýni tekin og kannað á viðurkenndri rannsóknastofu hvort um viðkomandi smitefni er að ræða.
5. Viðkomandi opinber eftirlitsaðili getur gripið til viðbótarráðstafana gagnvart eldisstöðinni sé slíkt talið nauðsynlegt til að koma í veg fyrir að sjúkdómar komi upp. Slíkar ráðstafanir geta falist í því að koma upp stíflusvæði umhverfis stöðina þar sem eftirlitsáætlun er fylgt og koma á vörnum gegn innkomu hugsanlegra sjúkdómsvalda eða smitbera.
6. Samt sem áður:
  - a) er heimilt að viðurkenna nýja eldisstöð, sem fullnægir kröfunum sem um getur í 1., 2., 3. og 5. lið og hefur starfsemi sína með fiski, hrognum eða sviljum frá viðurkenndu svæði eða viðurkenndri eldisstöð sem er á svæði sem er ekki viðurkennt, án þess að fram fari sú sýnataka sem er krafist vegna viðurkenningar eldisstöðvar;
  - b) er heimilt að viðurkenna eldisstöð, sem fullnægir kröfunum sem um getur í 1., 2., 3. og 5. lið og hefur starfsemi að nýju eftir hlé með fiski, hrognum eða sviljum frá viðurkenndu svæði eða viðurkenndri eldisstöð sem er á svæði sem er ekki viðurkennt, án þess að fram fari sú sýnataka sem er krafist vegna viðurkenningar eldisstöðvar, að því tilskildu að:
    - viðkomandi opinber eftirlitsaðili þekki heilbrigðissögu eldisstöðvarinnar fjögur undanfarin ár; hafi viðkomandi stöð hins vegar verið starfrækt skemur en fjögur ár skal miða við þann rauntíma sem hún hefur verið í rekstri,
    - ekki hafi verið gerðar ráðstafanir í eldisstöðinni á sviði dýraheilbrigðis vegna þeirra sjúkdóma sem taldir eru upp í skrá II í viðauka A og ekki sé vitað um slík sjúkdómstilfelli áður í stöðinni,
    - eldisstöðin sé þrífín og sóttþreinsuð og látin standa auð í að minnsta kosti 15 daga undir opinberu eftirliti áður en fiskur, hrogn eða svil eru flutt inn í hana.

**B. Viðurkenningu haldið við.**

Fullnægja verður kröfunum sem eru settar í þætti C í I. hluta viðauka B til að halda viðurkenningu. Þó skal taka sýni einu sinni á ári.

**C. Tímabundin niðurfelling, endurnýjun og afturköllun viðurkenningar.**

Sömu reglur gilda og fram koma í þætti D í I. hluta viðauka B.

**II. Strandeldisstöðvar fyrir fisk (2. dálkur, skrá II, viðauki A).**

**A. Viðurkenning.**

Til að hljóta viðurkenningu verður eldisstöð að fullnægja eftirfarandi kröfum:

1. Hún skal fá vatn í gegnum kerfi sem er með búnaði til að eyða smitefnum sjúkdómanna sem um getur í 1. dálki, skrá II, viðauka A.

2. Hún skal, að breyttu breytanda, fullnægja kröfum sem eru settar í þætti B í II. hluta viðauka B.
3. Samt sem áður:
  - a) er heimilt að viðurkenna nýja eldisstöð, sem fullnægir kröfunum sem um getur í 1. og 2. lið og hefur starfsemi sína með fiski, hrognum eða sviljum frá viðurkenndu svæði eða viðurkenndri eldisstöð sem er á svæði sem er ekki viðurkennt, án þess að fram fari sú sýnataka sem er krafist vegna viðurkenningar eldisstöðvar;
  - b) er heimilt að viðurkenna eldisstöð, sem fullnægir kröfunum sem um getur í 1. og 2. lið og hefur starfsemi að nýju eftir hlé með fiski, hrognum eða sviljum frá viðurkenndu svæði eða viðurkenndri eldisstöð sem er á svæði sem er ekki viðurkennt, án þess að fram fari sú sýnataka sem er krafist vegna viðurkenningar eldisstöðvar, að því tilskildu að:
    - viðkomandi opinber eftirlitsaðili þekki heilbrigðissögu eldisstöðvarinnar fjögur undanfarin ár; hafi viðkomandi stöð hins vegar verið starfrækt skemur en fjögur ár skal miða við þann rauntíma sem hún hefur verið í rekstri,
    - ekki hafi verið gerðar ráðstafanir í eldisstöðinni á sviði dýraheilbrigðis vegna þeirra sjúkdóma sem taldir eru upp í skrá II í viðauka A og ekki sé vitað um slík sjúkdómstílfelli áður í stöðinni,
    - eldisstöðin sé þrífín og sóttþreinsuð og látin standa auð í að minnsta kosti 15 daga undir opinberu eftirliti áður en fiskur, hrogn eða svil eru flutt inn í hana.

#### B. Viðurkenningu haldið við.

Fullnægja verður, að breyttu breytanda, kröfunum sem eru settar í þætti C í II. hluta viðauka B til að halda viðurkenningu.

#### C. Tímabundin niðurfelling, endurnýjun og afturköllun viðurkenningar.

Sömu reglur gilda, að breyttu breytanda, og fram koma í þætti D í II. hluta viðauka B.

### III. Strandeldisstöðvar fyrir lindýr (2. dálkur, skrá II, viðauki A).

#### A. Viðurkenning.

Til að hljóta viðurkenningu verður eldisstöð að fullnægja eftirfarandi kröfum:

1. Hún verður að fá vatn í gegnum kerfi sem er með búnaði til að eyða smitefnum sjúkdómanna sem um getur í 1. dálki, skrá II, viðauka A.
2. Hún verður, að breyttu breytanda, að fullnægja kröfunum sem eru settar í 1., 2. og 4. lið í þætti B í III. hluta viðauka B.
3. Samt sem áður:
  - a) er heimilt að viðurkenna nýja eldisstöð, sem fullnægir kröfunum sem um getur í 1. og 2. lið og hefur starfsemi sína með lindýrum frá viðurkenndu svæði eða viðurkenndri eldisstöð sem er á svæði sem er ekki viðurkennt, án þess að fram fari sú sýnataka sem er krafist vegna viðurkenningar eldisstöðvar;
  - b) er heimilt að viðurkenna eldisstöð, sem fullnægir kröfunum sem um getur í 1. og 2. lið og hefur starfsemi að nýju eftir hlé með lindýrum frá viðurkenndu svæði eða viðurkenndri eldisstöð sem er á svæði sem er ekki viðurkennt, án þess að fram fari sú sýnataka sem er krafist vegna viðurkenningar eldisstöðvar, að því tilskildu að:
    - viðkomandi opinber eftirlitsaðili þekki heilbrigðissögu eldisstöðvarinnar tvö undanfarin ár,
    - ekki hafi verið gerðar ráðstafanir í eldisstöðinni á sviði dýraheilbrigðis vegna

- þeirra sjúkdóma sem taldir eru upp í skrá II í viðauka A og ekki sé vitað um slík sjúkdómstilfelli áður í stöðinni,
- eldisstöðin sé þríf og sóttþreinsuð og látin standa auð í að minnsta kosti 15 daga undir opinberu eftirliti áður en lindýr eru flutt inn í hana.

**B. Viðurkenningu haldið við.**

Fullnægja verður, að breyttu breytanda, kröfunum sem eru settar í liðum 1 til 4 í þætti C í III. hluta viðauka B til að halda viðurkenningu.

**C. Tímabundin niðurfelling, endurnýjun og afturköllun viðurkenningar.**

Sömu reglur gilda, að breyttu breytanda, og fram koma í þætti D í III. hluta viðauka B.

### VIÐAUKI D Endurnýjun vatns.

Endurnýjun vatns við flutninga á fiskeldisdýrum skal fara fram með búnaði sem er viðurkenndur af aðildarríkjunum og uppfyllir eftirfarandi kröfur:

1. Hreinleikastig vatns sem er notað til skipta verður að vera þannig að það hafi ekki áhrif á heilbrigðisástand tegundanna sem verið er að flytja að því er varðar smitefni þeirra sjúkdóma sem um getur í 1. dálki, skrá II, viðauka A.
2. Þessi búnaður skal þannig gerður að hann komi í veg fyrir smitun í umhverfinu sem vatni er veitt í:
  - annaðhvort með því að auðvelda sóttþreinsun vatnsins, eða
  - með því að tryggja að vatnið geti ekki undir neinum kringumstæðum flætt út í sjó eða rennandi vatnsföll.

VIÐAUKI E  
Fyrirmyndir að flutningsskýrslum.

I. KAFLI

FLUTNINGSSKÝRSLA FYRIR LIFANDI FISK, HROGN OG SVIL FRÁ  
VIÐURKENNDU SVÆÐI.

I. Upprunaland: \_\_\_\_\_

Viðurkennt svæði: \_\_\_\_\_

II. Upprunaeldisstöð (nafn og heimilisfang): \_\_\_\_\_

III. Eldisdýr eða afurðir:

	Lifandi fiskur:	Hrogn:	Svil:
Ætt (almennt heiti og vísindaheiti):			
Magn:			
Fjöldi:			
Heildarþyngd:			
Meðalþyngd:			

IV. Viðtökustaður: \_\_\_\_\_

Viðtökuland: \_\_\_\_\_

Viðtakandi (nafn og heimilisfang): \_\_\_\_\_

V. Flutningatæki (tegund og auðkenni): \_\_\_\_\_

VI. Heilbrigðisvottun:

Ég, undirritaður, staðfesti hér með að eldisdýrin eða vörurnar í þessari vörusendingu koma frá viðurkenndu svæði og uppfylla kröfur tilskipunar 91/67/EBE.

Gjört í: \_\_\_\_\_ Hinn: \_\_\_\_\_

Heiti opinbers eftirlitsaðila: \_\_\_\_\_  
Heiti (með hástöfum)

Stimpill opinbers eftirlitsaðila: \_\_\_\_\_  
Titill undirritunaraðila

Undirskrift

## II. KAFLI

FLUTNINGSSKÝRSLA FYRIR LIFANDI FISK, HROGN OG SVIL FRÁ  
VIÐURKENNDRI ELDISSTÖÐ.

I. Upprunaland: \_\_\_\_\_

Viðurkennt svæði: \_\_\_\_\_

II. Upprunaeldisstöð (nafn og heimilisfang): \_\_\_\_\_

III. Eldisdýr eða afurðir:

	Lifandi fiskur:	Hrogn:	Svil:
Ætt (almennt heiti og vísindaheiti):			
Magn:			
Fjöldi:			
Heildarþyngd:			
Meðalþyngd:			

IV. Viðtökustaður: \_\_\_\_\_

Viðtökuland: \_\_\_\_\_

Viðtakandi (nafn og heimilisfang): \_\_\_\_\_

V. Flutningatæki (tegund og auðkenni): \_\_\_\_\_

VI. Heilbrigðisvottun:

Ég, undirritaður, staðfesti hér með að eldisdýrin eða vörurnar í þessari vörusendingu koma frá viðurkenndu svæði og uppfylla kröfur tilskipunar 91/67/EBE.

Gjört í: \_\_\_\_\_

Hinn: \_\_\_\_\_

Heiti opinbers eftirlitsaðila: \_\_\_\_\_

Heiti (með hástöfum)

Stimpill opinbers eftirlitsaðila: \_\_\_\_\_

Titill undirritunaraðila

Undirskrift

## III. KAFLI

## FLUTNINGSSKÝRSLA FYRIR LINDÝR FRÁ VIÐURKENNDU STRANDSVÆÐI.

I. Upprunaland: \_\_\_\_\_

Viðurkennt svæði: \_\_\_\_\_

II. Upprunaeldisstöð (nafn og heimilisfang): \_\_\_\_\_

III. Eldisdýr eða afurðir:

	Lifandi fiskur:	Hrogn:	Svil:
Ætt (almennt heiti og vísindaheiti):			
Magn:			
Fjöldi:			
Heildarþyngd:			
Meðalþyngd:			

IV. Viðtökustaður: \_\_\_\_\_

Viðtökuland: \_\_\_\_\_

Viðtakandi (nafn og heimilisfang): \_\_\_\_\_

V. Flutningatæki (tegund og auðkenni): \_\_\_\_\_

VI. Heilbrigðisvottun:

Ég, undirritaður, staðfesti hér með að eldisdýrin eða vörurnar í þessari vörusendingu koma frá viðurkenndu svæði og uppfylla kröfur tilskipunar 91/67/EBE.

Gjört í: \_\_\_\_\_

Hinn: \_\_\_\_\_

Heiti opinbers eftirlitsaðila:

\_\_\_\_\_

Heiti (með hástöfum)

Stimpill opinbers eftirlitsaðila:

\_\_\_\_\_

Titill undirritunaraðila

\_\_\_\_\_

Undirskrift

## IV. KAFLI

FLUTNINGSSKÝRSLA FYRIR LINDÝR FRÁ  
VIÐURKENNDRI ELDISSTÖÐ.

I. Upprunaland: \_\_\_\_\_

Viðurkennt svæði: \_\_\_\_\_

II. Upprunaeldisstöð (nafn og heimilisfang): \_\_\_\_\_

III. Eldisdýr eða afurðir:

	Lifandi fiskur:	Hrogn:	Svil:
Ætt (almennt heiti og vísindaheiti):			
Magn:			
Fjöldi:			
Heildarþyngd:			
Meðalþyngd:			

IV. Viðtökustaður: \_\_\_\_\_

Viðtökuland: \_\_\_\_\_

Viðtakandi (nafn og heimilisfang): \_\_\_\_\_

V. Flutningatæki (tegund og auðkenni): \_\_\_\_\_

VI. Heilbrigðisvottun:

Ég, undirritaður, staðfesti hér með að eldisdýrin eða vörurnar í þessari vörusendingu koma frá viðurkenndu svæði og uppfylla kröfur tilskipunar 91/67/EBE.

Gjört í: \_\_\_\_\_

Hinn: \_\_\_\_\_

Heiti opinbers eftirlitsaðila: \_\_\_\_\_

Heiti (með hástöfum)

Stimpill opinbers eftirlitsaðila: \_\_\_\_\_

Titill undirritunaraðila

Undirskrift

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 238, 4. apríl 2003, um eldi nytjastofna sjávar.

#### 1. gr.

Við 21. gr. bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Dýralæknir fisksjúkdóma tilkynnir Fiskistofu um allar slíkar ákvarðanir.

#### 2. gr.

Við 22. gr. bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Dýralæknir fisksjúkdóma tilkynnir Fiskistofu um þau tilvik sem notkun bóluafna og sýklalyfja hefur verið heimiluð.

#### 3. gr.

23. gr. orðist svo:

Um innflutning fisks sem reglugerð þessi nær til fer skv. ákvæðum reglugerðar nr. 484, 2. júlí 2003, um skilyrði á sviði dýraheilbrigðis vegna inn- og útflutnings eldisdýra og afurða þeirra.

Innflytjandi skal tilkynna Fiskistofu um innflutning skv. 1. mgr., áður en viðkomandi sending kemur í eldisstöðina.

#### 4. gr.

Reglugerð þessi tekur gildi 11. júlí 2003 og er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 33, 16. apríl 2002, um eldi nytjastofna sjávar, með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. júlí 2003.*

**Árni M. Mathiesen.**

*Snorri Rúnar Pálmason.*

## REGLUGERÐ

### um stjórn hreindýraveiða.

#### I. Yfirstjórn hreindýramála.

##### 1. gr.

Umhverfisráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem um ræðir í reglugerð þessari.

##### 2. gr.

Nú telur umhverfisráðherra, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar, að hreindýrastofninn sé það stór, að honum stafi ekki hættu af veiðum, og getur ráðherra þá heimilað veiðar og skal þeim hagað með þeim hætti sem segir í reglugerð þessari.

##### 3. gr.

Hlutverk Umhverfisstofnunar er að hafa fyrir hönd umhverfisráðherra eftirlit með því að reglugerð þessari sé fylgt.

Þá er og hlutverk Umhverfisstofnunar að:

1. sjá um sölu veiðileyfa,
2. sjá um eftirlit með hreindýraveiðum og ráða til þess eftirlitsmenn,
3. gera tillögu um árlegan veiðikvóta og skipta veiðiheimildum eftir ágangssvæðum,
4. skipta arði af sölu veiðileyfa og afurða felldra dýra í samræmi við reglugerð um skiptingu arðs af hreindýraveiðum, sem umhverfisráðherra setur.

#### 4. gr.

Umhverfisráðherra skipar 4 menn í hreindýraráð til fjögurra ára í senn. Þeir skulu skipaðir með þessum hætti:

Umhverfisráðherra skipar einn án tilnefningar, og er hann formaður hreindýraráðs. Búnaðarsamband Austurlands og Búnaðarsamband Austur-Skaftafellssýslu tilnefna einn fulltrúa hvort og sveitarfélög á veiðisvæði hreindýra einn fulltrúa. Verði atkvæði jöfn á fundum ráðsins ræður atkvæði formanns.

Hlutverk hreindýraráðs er að:

1. vera umhverfisráðherra og Umhverfisstofnun til ráðgjafar um vernd, veiðar og nýtingu hreindýrastofnsins, þar á meðal um skiptingu arðs,
2. gera ár hvert tillögu til Umhverfisstofnunar um skilgreiningu ágangssvæða hreindýra, árlegan veiðikvóta og skiptingu hans milli veiðisvæða,
3. gera tillögu til umhverfisráðherra um reglugerð um skiptingu arðs, sbr. 4. tl. 3. gr.

Fulltrúum Náttúrustofu Austurlands og Náttúrufræðistofnunar Íslands er heimilt að sitja fundi hreindýraráðs og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

Um vanhæfi þeirra sem sitja í hreindýraráði gilda vanhæfisreglur sveitarstjórnarlaga, sbr. 19. gr. laga nr. 45/1998.

Umhverfisstofnun sér hreindýraráði fyrir aðstöðu og starfsmanni samkvæmt nánara samkomulagi.

#### 5. gr.

Umhverfisstofnun ræður eftirlitsmenn með hreindýraveiðum. Hlutverk eftirlitsmanna er að fylgjast með framkvæmd veiða og hafa eftirlit með veiðimönnum og leiðsögumönnum og ganga úr skugga um að veiðar fari fram eftir reglum þessum. Starfa eftirlitsmenn í umboði stofnunarinnar og bera ábyrgð gagnvart stofnuninni á störfum sínum.

Verði Umhverfisstofnun vör við að brotið sé gegn ákvæðum laga og reglugerðum um hreindýraveiðar er heimilt að svipta viðkomandi veiðileyfi og leita aðstoðar lögreglu ef með þarf.

## II. Framkvæmd hreindýraveiða.

#### 6. gr.

Umhverfisráðherra ákveður og auglýsir fyrir 1. desember ár hvert, hve mörg hreindýr megi veiða árið eftir og hvernig veiðum skuli skipt eftir svæðum, aldri og kyni dýra, að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar. Ákvörðun ráðherra er háð því að ekki verði verulegar breytingar á stofnstærð fram að veiðitíma sem kalli á endurskoðun.

Umhverfisstofnun skiptir veiðiheimildum eftir ágangssvæðum með hliðsjón af ágangi hreindýra, að fengnum tillögum Náttúrustofu Austurlands. Skal stofnunin í samráði við Náttúrustofu Austurlands leitast við að stýra veiðum þannig að veiðar á hverju ágangssvæði taki mið af skiptingu dýranna í hjarðir innan veiðisvæðis og sé í samræmi við úthlutaðan kvóta.

Veiðitími er frá 1. ágúst til 15. september ár hvert. Umhverfisstofnun getur þó heimilað veiðar á törfum frá 15. júlí að fenginni umsögn hreindýraráðs. Ef ekki tekst á veiðitímanum

að veiða nægilega mörg dýr til þess að stofnstærð verði innan fyrirhugaðra marka getur umhverfisráðherra heimilað Umhverfisstofnun veiðar í nóvember. Arður af þeim veiðum rennur til Umhverfisstofnunar, að frádragnum kostnaði, og skal nýttur til rannsókna og verkefna sem tengjast hreindýraveiðum. Umhverfisráðherra getur heimilað veiðar utan veiðitíma í vísindaskyni að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar.

Ef nauðsyn krefur og aðrar aðferðir duga ekki getur Umhverfisstofnun að höfðu samráði og undir eftirliti Náttúrustofu Austurlands látið fella hreindýr sem sækja ítrekað í ræktað land í byggð og valda tjóni. Arður af veiðum að frádragnum kostnaði við þær skal vera í vörslu Umhverfisstofnunar og nýttur til rannsókna og verkefna sem tengjast hreindýrum.

Kálfar með felldum kúm skulu felldir ef kostur er. Felldir kálfar skulu tilkynntir og greitt fyrir þá í samræmi auglýsta gjaldskrá.

Umhverfisstofnun getur hvenær sem er látið fella sjúk eða særð dýr og dýr sem af einhverri annarri ástæðu eiga sér ekki lífs von. Lögreglustjórar geta einnig látið fella særð dýr sé þess talin þörf.

#### 7. gr.

Eignarréttur eða afnotaréttur á landi, þar sem hreindýr halda sig, veitir ekki rétt til veiða á dýrunum.

Umráðamaður eða eigandi lands sem ekki heimilar veiðar á landi sínu nýtur ekki arðs af hreindýraveiðum.

#### 8. gr.

Veiðar geta farið fram hvar sem hreindýr á viðkomandi svæði halda sig á veiðitímanum, utan friðlanda hreindýra. Þó getur Umhverfisstofnun takmarkað veiðisvæði frekar þyki ástæða til.

#### 9. gr.

Umhverfisstofnun selur veiðileyfi gegn gjaldi sem ráðherra ákveður fyrir 1. desember ár hvert, að fengnum tillögum stofnunarinnar. Getur það verið breytilegt eftir svæðum, kyni og aldri dýra.

Gjaldið er þrískipt og skal standa undir kostnaði Umhverfisstofnunar og hreindýraráðs við eftirlit og stjórn hreindýraveiða, vöktun á hreindýrum til að ákveða veiðipól og til greiðslu hæfilegs arðs vegna ágangs hreindýra. Áður en ákvörðun er tekin um gjald skal liggja fyrir áætlun Umhverfisstofnunar og hreindýraráðs um kostnað vegna framkvæmdar og eftirlits og Náttúrustofu Austurlands við vöktun. Upphæð gjaldsins skal taka mið af framangreindu og skal ekki vera hærri en sem því nemur. Umhverfisstofnun afhendir Náttúrustofu Austurlands það fé sem ætlað er til vöktunar og úthlutar arðgreiðslum til landeigenda vegna ágangs í samræmi við reglugerð um greiðslu arðs.

Umhverfisstofnun er heimilt að gera ráðstafanir til þess að veiði dreifist sem jafnast á veiðitímamann á hverju svæði.

Takist ekki að selja öll veiðileyfi getur Umhverfisstofnun veitt það sem á vantar upp í veiðikvóta, teljist það nauðsynlegt vegna stjórnunar á stærð stofnsins.

Umhverfisstofnun setur sér starfsreglur sem skulu vera almenningi aðgengilegar.

Umhverfisstofnun sér um árlegt uppgjör tekna og gjalda vegna reksturs, sölu veiðileyfa og hreindýraafurða og vegna leyfisgjalda og gerir ráðherra grein fyrir uppgjöri.

#### 10. gr.

Sá einn getur fengið leyfi til þess að veiða hreindýr sem hefur veiðikort og heimild lögreglu til þess að nota skotvopn af rétttri stærð, sbr. 11. gr.

Veiðileyfi skal gefið út á nafn veiðimanns og er það ekki framseljanlegt. Þeir sem fengið hafa úthlutað veiðileyfi skulu greiða staðfestingargjald fyrir 1. apríl en gjaldið að fullu fyrir 1. júlí. Hyggist veiðimaður ekki nýta veiðileyfi skal Umhverfisstofnun endurgreiða sem nemur 3/4 hlutum gjaldsins takist Umhverfisstofnun að endurselja leyfið. Mæli sérstakar ástæður með er stofnuninni heimilt að endurgreiða gjaldið að fullu jafnvel þótt ekki takist að endurselja það.

Veiðileyfishafa eru hreindýraveiðar óheimilar nema í fylgd leiðsögumanns sem hlotið hefur starfsleyfi Umhverfisstofnunar.

Fellt hreindýr er eign veiðileyfishafa og skal hann merkja það með merki sem Umhverfisstofnun lætur í té.

Umhverfisstofnun er heimilt að takmarka fjölda veiðileyfa sem seld eru hverjum veiðimanni.

Óheimilt er að selja hreindýrakjöt nema það hafi verið heilbrigðisskoðað og stimplað af dýralækni.

#### 11. gr.

Til veiða á hreindýrum má einungis nota rifflla með hlaupvídd 6 mm eða meira. Kúluþyngd skal ekki vera minni en 6,5 g (100 grains) og slagkraftur ekki minni en 180 kgm (1300 pundfet) á 200 metra færi. Veiðikúlur skulu vera gerðar til veiða á stærri dýrum, þ.e. þenjast hæfilega út í veiðibráð. Óheimilt er að nota sjálfvirka eða hálf sjálfvirka rifflla við hreindýraveiðar. Fyrir upphaf veiðiferðar skal gengið úr skugga um að riffill sé rétt stilltur.

Óheimilt er veiðimanni að skjóta frá vélknúnu farartæki og ekki má smala hreindýrum á ákveðinn veiðistað.

Sært dýr ber að aflífa þegar í stað.

#### 12. gr.

Hlutverk leiðsögumanns með hreindýraveiðum er að fylgja veiðimanni um veiðisvæði, hjálpa honum til þess að þekkja þau dýr sem hann má veiða og sjá til þess að veiðimaður fari rétt að við veiðarnar.

Enginn getur gerst leiðsögumaður með hreindýraveiðum, sbr. 3. mgr. 10. gr., nema hann hafi hlotið starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Starfsleyfi skal veitt að fenginni umsögn hreindýraráðs til allt að 4 ára í senn og miðast við tiltekin veiðisvæði. Til að geta hlotið starfsleyfi sem leiðsögumaður þarf umsækjandi að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Skotvopnaleyfi í samræmi við 10. gr.
2. Hafa þekkingu og reynslu af veiðum, fláningu og meðferð afurða hreindýra.
3. Staðfestingu á þátttöku í námskeiðum í (a) líffræði, vistfræði og náttúruvernd með sérstöku tilliti til hreindýra, (b) náttúruverndarlögum, lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, reglugerð um hreindýraveiðar og öðrum lögum sem máli skipta, (c) leiðsögn, (d) meðferð skotvopna, (e) meðferð og notkun áttavita og GPS staðsetningartækja, (f) veiði villtra dýra og siðfræði og siðareglum veiðimanna.
4. Umsækjandi skal sýna fram á hæfni sína í skyndihjálpi.

Umhverfisstofnun, í samráði við hreindýraráð, heldur námskeið skv. 3. tl. Umhverfisstofnun skal að jafnaði á fjögurra ára fresti kanna þörf á að haldin verði slík námskeið.

Umhverfisstofnun getur svipt leiðsögumann starfsleyfi ef grunur leikur á að hann hafi brotið gegn lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og reglugerðum skv. þeim. Sviptingu má kæra til umhverfisráðherra.

Leiðsögumaður með hreindýraveiðum skal aðstoða veiðileyfishafa, óski hann eftir því, við að gera að felldu dýri og koma því óskemmdu til byggða. Skylt er að urða allan úrgang sem til fellur við veiðarnar.

Leiðsögumanni með hreindýraveiðum ber að sjá til þess að sært dýr sé felld þegar í stað.

Leiðsögumanni með hreindýraveiðum er skylt að gefa Umhverfisstofnun skýrslu um öll felld og særð dýr og skal skýrslan undirrituð af honum og veiðileyfishafa. Skýrslan skal send Umhverfisstofnun strax að lokinni veiðiferð.

Leiðsögumaður með hreindýraveiðum getur mest fylgt þremur veiðimönnum í veiðiferð.

### III. Ýmis ákvæði.

#### 13. gr.

Umhverfisstofnun er heimilt að synja um veiðileyfi hafi umsækjandi ítrekað eða með alvarlegum hætti brotið gegn ákvæðum laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og reglugerðum skv. þeim. Synjun má kæra til umhverfissráðherra.

#### 14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Tilraun til brota gegn reglugerð þessari varða refsingu sem fullframið brot, sbr. III. kafla almennra hegningarlaga. Hið sama gildir um hlutdeild í brotum. Mál út af slíkum brotum sæta meðferð opinberra mála.

#### 15. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 14. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 452/2000, með síðari breytingum.

*Umhverfissráðuneytinu, 2. júlí 2003.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

## REGLUGERÐ

### um skiptingu arðs af hreindýraveiðum.

#### 1. gr.

Umhverfisstofnun skiptir arði af sölu veiðileyfa og afurða felldra dýra að fenginni umsögn hreindýraráðs. Skulu eingöngu þeir sem fyrir ágangi hreindýra verða á lönd sín njóta arðsins. Við úthlutun veiðileyfa er leyfum skipt niður á ágangssvæði. Með ágangssvæði er átt við nánar skilgreint svæði, þar sem ágangur hreindýra er svipaður á öllu svæðinu.

Úthluta skal arði á einstök ágangssvæði í samræmi við úthlutuð veiðileyfi á svæðinu. Umhverfisstofnun gerir ár hvert tillögu til umhverfissráðuneytisins um fjölda og mörk ágangssvæða að fengnum tillögum hreindýraráðs og Náttúrustofu Austurlands. Skal þar tekið mið af dreifingu hreindýra á síðustu 10 árum, en tillit skal taka til breytinga á ágangi og dreifingu hreindýra á undangengnu ári séu umtalsverð frávik milli ára.

Af hverju felldu dýri fara kr. 5.000 til ábúenda eða umráðenda, eftir atvikum, þeirrar jarðar sem dýr er fellt á. Eftirstöðvar skiptast sem hér segir:

1. Á allar jarðir innan hvers ágangssvæðis sem verða fyrir ágangi (40%):
  - a. Samkvæmt fasteignamati lands, fjórðungur.
  - b. Samkvæmt landstærð (mæld eða flokkuð), þrjú fjórðu hlutar.
2. Samkvæmt mati á ágangi (60%):
  - a. Lítil ágangur, 5%.
  - b. Nokkur ágangur, 10%.
  - c. Töluverður ágangur 25%.
  - d. Mikill ágangur 60%.

Heimilt er að hnika frá ágangi um allt að 5% ef veigamiklar ástæður mæla með.

Umhverfisstofnun metur ágang á einstakar jarðir með hliðsjón af ofangreindu að fenginni umsögn Náttúrustofu Austurlands. Óheimilt er að láta arð af hreindýraveiðum ganga til þeirra sem ekki heimila hreindýraveiðar á landi sínu.

### 2. gr.

Umhverfisstofnun skal leggja fram drög að úthlutunargerð til kynningar í viðkomandi sveitarfélögum. Innan tveggja vikna geta landeigendur eða ábúendur gert skriflegar athugasemdir við skiptingu arðs. Að þeim tíma liðnum metur Umhverfisstofnun þær athugasemdir sem borist hafa og úthlutar síðan arði til þeirra ábúenda eða landeigenda þeirra jarða sem arðs njóta. Úthluta skal hreindýraarði til ábúanda viðkomandi jarðar nema samkomulag sé um annað við landeigendur eða ef ábúð er ekki á jörðinni. Tilkynna skal um úthlutun formlega og tilgreina kærufrest.

Arður skal greiddur út fyrir áramót vegna síðasta veiðitímabils. Heimilt er að kæra úthlutun Umhverfisstofnunar til umhverfísráðherra til úrskurðar.

### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 14. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað og gildir fyrir ráðstöfun arðs sem fellur til frá og með árinu 2003 að telja. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð með sama heiti nr. 485/2002.

*Umhverfísráðuneytinu, 2. júlí 2003.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*



